

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 201/2014

201-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn, um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 372/2014 frá 9. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 að því er varðar útreikning á tilteknum tímamörkum, meðferð kvartana og greiningu og varðveislu trúnaðarupplýsinga <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 26 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004) í 2. gr. bókunar 26 við EES-samninginn:

„– **32014 R 0372**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 372/2014 frá 9. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 372/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fellir reglugerð ráðsins (ESB) nr. 734/2013 inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.